

## **Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. - FRÁVEITA FLJÓTSDALSHÉRAÐS -**

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, og samþykktar fyrir Fráveitu Fljótsdalshéraðs, samþykkt í stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF) þann 12.12.2019.

### 2. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur Fráveitu Fljótsdalshéraðs ber að greiða gjald fyrir tengingu við veituna sbr. 13. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á starfssvæði veitunnar skal greiða tengigjald sem hér segir:

100 - 150 mm tenging (allt að 20 m löng) 216.600 kr.

150 - 200 mm tenging (allt að 20 m löng) 261.600 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við veituna.

### 3. gr.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum á starfssvæði veitunnar, sem tengdar eru eða munu tengjast henni, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald á Fljótsdalshéraði er 0,32% af fasteignamati fasteigna og lóða.

### 4. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á tengi- eða fráveitugjaldi veitunnar.

### 5. gr.

HEF annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda á starfssvæði veitunnar annaðhvert ár. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald á Fljótsdalshéraði fyrir hreinsun hveirrar rotþróar:

< 4,5 rúmmetra 19.300 kr.

4,5 – 6,5 rúmmetrar 27.800 kr.

6. gr.

Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlegt hreinsunargjald. HEF er einnig heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Miðað er við að gjaldið endurspegli þann raunkostnað sem af verkinu hlýst.

7. gr.

HEF innheimtir tengigjöld. Gjaldalagi þeirra er við útgáfu reiknings og er eindagi 15 dögum síðar.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa með fasteignaskatti og eru gjalddagar þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

Ofangreind gjöld hafa verið uppreiknuð frá síðustu gjaldskrá skv. breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar til desember 2019 sem er 146,4 stig.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af stjórn HEF skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 12.12.2019, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1.1.2020. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár Fráveitu Fljótsdalshéraðs.

*Fljótsdalshéraði, 12. desember 2019*